

Gufudalsá í Reykhólahreppi

17.2.2016

Gústaf Gústafsson skellti saman veiðistaðalýsingu byggða á viðtali sem hann tók við Einar Valgeir Hafliðason í fremri-Gufudal árið 2014.

Efra svæði er frá vatni og frameftir að fremri fossi.

Fremri Foss

er fremsti hylurinn sem má veiða í. Þar rennur fiskurinn oft niður í lygnuna fyrir neðan fossinn og tekur þar. Maður getur séð niður með fossinum smá spegil eftir klettinum, þar sjást stundum stórir fiskar. Í fremri fossi veiðist bleikja.



Rennan

þar liggur oft fiskur neðarlega í rennunni og getur tekið vel í smá stund í einu. Veiðistaðurinn er mjó renna sem liggur á milli klettana, en best tekur bleikjan neðst í rennunni.

Spejllinn

á milli kletta breiðir áin dálítið úr sér og endar í broti neðst og þar er oftast fiskur.

Kletturinn

er rosalega misjafn staður. Stundum og sérstaklega ef mikið vatn er í ánni gefur Kletturinn vel. Kletturinn sem veiðistaðurinn er nefndur eftir er austan megin við ána og raðar sér þarna oft fiskur. Það fer dálítið eftir vatninu í ánni hvernig þessi staður gefur.

Neðri foss

tökustaðurinn er klapparhaft fyrir neðan fossinn og þar liggur fiskur neðarlega. Það er erfitt að kasta flugu þarna, sérstaklega í austanátt. Mjög misjafnt svæði.

Olnbogi

er beygja á ánni. Það eru steinar í þessum veiðistað og þar er yfirleitt alltaf fiskur. Tökustaðir eru margir.

Túnendi

Stundum er enginn fiskur þarna allt sumarið en stundum er verið að moka honum upp. Það er bugða þarna í ánni og steinar í botninum. Veiðistaðurinn endar í smá hafti neðst og þar liggur oft fiskur.

Bugur

er veiðistaður þar sem áin hefur brotið landið svolítið að austanverðu. Þessi veiðistaður var ekki til hér áður en á seinni árum hefur verið töluvert um fisk þarna. Helst hefur fiskurinn verið að taka neðantil í bugnum.

Hjaltastaðir

eru frekar sérkennilegur hylur. Þetta er við torfbakka en það er ekki alltaf fiskur þarna. Tökustaðurinn er neðarlega í hylnum. Áin er svolítið á ferðinni þarna.

Uxamýri

Þarna var áin grafin og endar á spegli neðantil. Yfirleitt er þarna fiskur síðsumar, þegar komið er fram í ágúst.

Vatnið og neðra svæðið

Steinarnir

svona 50 metra út frá Steinum liggur oft torfa af fiski. Það er erfitt að segja til um hvar torfan er

nákvæmlega en hún þarna í kring og þarf að eins að leita að henni. Ef fiskur tekur, þá færir torfan sig til um 20 til 30 metra.

Bakki

Það er alltaf fiskur á þessum stað. Þú færð fiskinn alltaf til að elta þarna. Á Bakka voru netin lögð í gamla daga. Tökustaðir eru í kastfæri fyrir krakka og fiskurinn kemur mikið með landinu.

Skipaoddi

Það þarf dálítið að vaða út frá Skipaodda og stundum liggur lax þarna. Hann sést stundum í speglinum á morgnanna.

Affall

Það veiðist yfir 50 prósent af laxinum í Affalli. Bleikjan á það til að síga niður úr vatninu á ákveðnum tímum dagsins. Það er stífla og byrjar straumbrotið úr vatninu og rennur í ána.

Stokkur

er langur hylur fyrir neðan túnin, beint fyrir neðan veiðihúsið og þar er alltaf einhver fiskur. Fiskur leggst oft á brotið fyrir neðan.

Stífla

Oft sami fiskurinn og í Stokki sem færir sig niður á stífluna. Stíflan er rétt fyrir neðan girðinguna, það eru straumrennur á milli steinanna og geyma fisk á öllum tímum.

Stokksklettur

er djúpur hylur rétt ofan við þar sem Álftardalsáin rennur í. Þar er mjög gjarnan dálítið af laxi og bleikjan fyrir neðan. Þarna eru klettur að austanverðu og malareyrar að vestanverðu. Bleikjan liggur á breiðu þar fyrir neðan en laxinn liggur oft við steina sem hafa hrunið úr klettinum.

Ármót

er hylur sem geymir oftast mikið af fiski en síðla sumars er oftast mikið af smáfiski. Þarna er torfbakki að austanverðu, dálítið grunnur hylur og beygjur sem enda í smá straumröst. Við mótin á lygnunni og straumröstinni þar liggur fiskurinn.

Brotin

Brotin eru mest smáfiskastaður en þó á laxinn til að stoppa þarna. Þessi staður er sambærilegur og Ármótin.

Hlíðarrenna

þar liggur áin meðfram torfbakka. Áin mjókkar aðeins og dýpkar en annars er þetta sambærilegur staður við Brotin og Ármót en í öllum stöðum fyrir neðan vatn er alltaf smá von á laxi.

Suðurbakkar

eru sirka 100 metra fyrir ofan veg. Þarna hefur áin aðeins verið að greinast. Það hafa myndast bugur við austurbakkann og þar hefur fiskurinn verið.

Brúarhylur

er hylur við klettinn sem brúin er byggð á og torfbakki með grjóti í. Þarna liggur mjög gjarnan fiskur og gott að sjá hann af brúnni. Það er nokkuð algengt að fá lax í Brúarhyl. Tökustaður er austan megin en oft gott að standa vestan megin við.

Engjarnar

Engjarnar og þeir hylir þar fyrir neðan (Fitjarbakkar, Sýkishólmur, Brekkuós, Miðós og Vesturós) eiga það sammerkt að þarna hinkrar fiskurinn við þegar hann er að ganga. Þetta er allt við torfbakka og hann stoppar þarna aðeins. Það gætir flóðs og fjöru alveg upp að brú og þegar byrjar að falla út þá er hann að stoppa þarna kannski í hálf tíma eða klukkutíma þegar hann er að ganga upp. Þetta eru helst veiðistaðir á flóði. Þetta á við um staðina niður eftir, þ.e. að hann liggur ekki þarna en stoppar aðeins á göngu.